Perla
Investments s.l
Since 2000

# 3 Svefnherbergi Raðhús in Rojales

Ref: T432

**355.900€**








**Tegund eignar :** Raðhús

**Bæjarfélag / Hverfi :** Rojales

**!zona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 3

**Baðherbergi :** 3

**Byggingarár :** 2023

**Sundlaug :** Val

**Garður :** Já

**Eignin snýr :** til suðurs

**Útsýni :** Yfir sundlaugarsvæði og garð

**Bílastæði :** Einkabílastæði á lóð

| | |
|---|---|
| **Fermetra stærð eignar :** | 120,45 m² |
| **Stærð verandar :** | 18,55 m² |
| **Flugvöllur :** | 40 |
| **Strönd :** | 20 |
| **Borg :** | 2 |
| **Golf :** | 3 |

- ✓ Hiti í gólfi
- ✓ Verönd
- ✓ Hleðlustöð fyrir rafbíla
- ✓ Heimilistæki
- ✓ Kjallari
- ✓ Innbyggð loftkæling

Glæsilegt bjart raðhús á tveimur hæðum í Rojales. Húsið er 120,45m2 með 3 svefnherbergjum og 3 baðherbergjum með hita í gólfum, fullbúnu eldhúsi með heimilistækjum og rúmgóðri og bjartri stofu þaðan sem gengið er út í glæsilegan lokaðan garð með sér bílastæði inná lóð.Kemur lika meö rúmgoðan 59,65m2 kjallara. Möguleiki er að bæta við sundlaug og þaksvölum sé þess óskað.
Bjóðum upp á mikið úrval eigna á þessu svæði.
Rojales er hefðbundin Spænskur bær suður af Alicante, u.þ.b. 40 mín frá flugvellinum. Þar er kjörið að ganga meðfram ánni Rio Segura sem liggur þvert í gegnum bæinn og njóta mannlífsins á einu af mörgum kaffi húsum í bænum. Einnig er stutt að fara í bæina Ciudad Quesada og Benijófar, en þar er að finna mikið úrval veitingastaða, verslana og allskyns afþreyingu fyrir allan aldurshóp s.s. Go-Kart, vatnsleikjagarð, mini golf, keiluhöll og fleira og fleira.
Fyrir golfáhugafólkið þá er hinn glæsilegi 18 holu golfvöllur, La Marquesa sem einmitt tilheyrir Rojales aðeins um 3 mínútur frá og að auki eru 8 aðrir 18 holu golfvellir í um 20 mínútna fjarlægð.
Fyrir náttúruunnendur eru fjölmargar náttúruperlur allt í kring um bæinn og má þar meðal annars nefna Saltvötnin í Torrevieja og náttúruverndarsvæðið El Recorral þar sem vinsælt er að fara í lautarferð og fylgjast með iðandi fuglalífinu eða skella sér í göngutúr á þeim ótal gönguleiðum á svæðinu.
Innan við 10 mín akstur er svo að finna hina 11 kílómetra löngu gullnu strandlengju við Guardamar del Segura sem fengið hefur vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans, auk þess sem Torrevieja er stutt frá. Svo er einnig stutt í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og Zenia Boulevard.
Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!

info@perlainvest.com www.perlainvest.com (0034) 96 676 5972